

MOSFELLINGUR

9. tbl. 5. árg. föstudagur 16. júní 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós.



Nýr meirihluti myndaður

Sjálfstæðismenn og Vinstri grænir hafa náð samkomulagi um meirihlutasamstarf næstu fjögur árin. Á myndinni sjást bæjarfulltrúar flokkanna handsala málefnasamning þess efnis. Frá vinstri Haraldur Sverrisson, Karl Tómasson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Herdís Sigurjónsdóttir.

Ljós. Hilmar

EIGN VIKUNNAR



Esjugrund

210 m² einbýlishús

148 m² einbýlishús ásamt 62 m² bílskúr innst í botnlanga með miklu útsýni út á sjóinn
Verð kr. 33,5 m.

Kjarna,
Þverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is




Sjá nánar á bls. 3

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali



Mosfellsbakarí

Gott úrval af góðum brauðum

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Fagmannlega í fyrirtæki. Útvega bílaleigubíla.



Car-o-tronic sálvænning



Sumarið er tíminn

Nú er sól farin að hækka á lofti. Krakkarnir í unglingavinnunni eru farnir á stjá. Fegrun bæjarins að ná hámarki nú fyrir þjóðhátíðardaginn. Ferðahugur er farinn að grípa margan manninn enda er sumarið tilvalinn tími fyrir slíkt. Fjöldi fólks á leið í kærkomið frí eftir annasaman vetur.



er þá gerir það mikið fyrir bæjarfélagið og eflir liðsældina jafnt innan vallar sem utan.

En talandi um kærkomið sumarfrí, þá fer Mosfellingur nú í smá sumarfrí. Tempóið í útgáfunni verður ögn frjálsslegra í sumar en yfir vetrartímann. Starfsfólk Mosfellings óskar ykkur góðs sumars.

Hilmar Gunnarsson
ritstjóri

Í blaðinu að þessu sinni er ítarleg umfjöllun um fótbolta-sumarið á Varmárvelli og hvet ég fólk til að leggja leið sína á völinn og styðja við bakið á strákunum okkar. Fyrir bæ eins og okkar er nauðsynlegt að eiga liðsæld í fremstu víglínu. Sama hver íþróttin

LEIÐARI



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Mosfellingar áttu fé og smöluðu því í Hafravatnsrétt. Áður var Árnakrókur lögrétt Mosfellinga en árið 1900 fluttist hún í Hafravatnsrétt. Það var oft handgangur í óskjunum þegar réttað var og þegar á leið síðustu öld komu oft rútbílar af dagheimilum Reykjavíkurborgar fullar af fóstrum og börnum til þess að fylgjast með þegar dregið var í dilka á réttinni. Börnum í Brúarlandsskóla var gefið frí á réttardag og það er víst að enginn hefur viljað láta sig vanta á jafn mikilvægan atburð og réttir voru í samfélaginu. Réttin er í dag að mestu hrunin en hefur alls ekki fallið í gleysku því hún er sívinsælt kennileiti og er algengt að fólk ákveði að hittast við réttina og hefja gönguferð þaðan eða eitthvað annað skemmtilegt. Myndin er tekin 1962-64 og ljósmyndari er Birgir D. Sveinsson.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossveg 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson, Karl Tómasson og Ágúst B. Linn.

Blaðamenn og pistlahöfundar:

Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson, Hanna Símoneardóttir, Högni Snær Hauksson, Kara Hergils Valdimarsdóttir, og Þrándur Gíslason.

Umbrot og hönnun:

Mosfellingur ehf.

Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson

Prentun: Prentmet, prentað í 3000

eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á tveggja til þriggja vikna fresti allt árið um kring.



Börnin
í bænum

Vinkonurnar
Selma og Júlía
njótasumarfrís-
ins og leika sér
á hlaupahjólí.

ÆSKUMYNDIN hennar Systu

Fullt nafn: Sigríður
Sigurðardóttir

„Myndin er tekin síðla vetrar 1975 og er ég tæplega þriggja ára á henni. Mér þykir vænt um hana vegna þess að þetta er fyrsta ljósmyndastofmyndin sem til er af mér. Á þessum tíma var ég yfirleitt alltaf vel til höfð, í kjólum og með fínt í hárinu, en það átti eftir að breytast því seinna meir vildi ég alltaf aðeins vera í buxum eins og bræður mínir fjórir, enda mun þægilegra – ég fermdist meira að segja í smekkbuxum!”





Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

www.fastmos.is
Sími: 586 8080

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Skeljatangi – 4ra herb. jarðhæð

94,2 m², 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi á barnvænum og fallegum stað, innst í botnlanga við Skeljatanga í Mosfellsbæ. 3 góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari. Rúmgóð stofa og eldhús með borðkrók. Hellulögd verönd og sérafnot af garði. Gangstétt hellulögd með snjóbræðslu.
Verð kr. 22,5 m.



Arnarhöfði – 189,7 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallegt 165,1 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 24,6 m² bílskur á fallegum stað í nýlegu hverfi í Mosfellsbæ. Íbúðin er björt og falleg, með parketi (hlynur) og flisum á gólfum og víðarinnréttingum í eldhúsi og svefnherbergjum. Á jarðhæð er forstofa, stofa, borðstofa, eldhús, stórt svefnherbergi og gestalerni. Á 2. hæð eru 4 stór svefnherbergi (9-14 m²), þvottahús og hol. Timburverönd og stór lóð í suður.
Verð kr. 42,9 m.



Tröllateigur – 151,4 m² lúxusíbúð

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mjög stóra og bjarta 4ra herbergja íbúð í afar vöndaðri lyftublokk ásamt bílastæði í upphitaðri bílageymslu. 3 stór svefnherbergi, björt og rúmgóð stofa, eldhús með fallegri mahony innréttingu, tvö baðherbergi, sér þvottahús og tvær geymslur. 18 m² svalir í suðvestur. Íbúðin getur verið laus til afhendingar strax. Áhv. 19,2 m. frá Glitni með 4,15% vöxtum.
Verð kr. 33,9 m.



Arnartangi – 174,2 m² einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Mjög fallegt og aðlaðandi 138,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 35,6 m² bílskur á mjög fallegri hornlóð með timburveröndum. Þetta er hentugt skipulag, svefnherbergi eru aðskilin frá stofu og borðstofu og eldhús tengt svefnálmu. Stórt hellulagt bílplan fyrir framan húsið og tvær timburverandi í suðurátt.
Verð kr. 41,9 m.



Hagaland – 152,8 m² neðri sérhæð

NÝTT Á SKRÁ 122,1 m² neðri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt 30,7 m² alvöru bílskur á fallegum stað innst í botnlanga í grónu hverfi í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, bjart eldhús og góð stofa. Þetta er falleg og snyrtileg eign rétt við miðbæ Mosfellsbæ, stutt í skóla og á íþróttasvæðið að Varmá.
Verð kr. 29,9 m.



Fálkahöfði – 3ja herb. jarðhæð

NÝTT Á SKRÁ Flott 103,9 m² 3ja herbergja endaíbúð í fallegu fjölbýli í Mosfellsbæ. 2 stór svefnherbergi, sjónvarpshol, eldhús með borðkrók, baðherbergi með sturtu og kari og stór stofa. Úr stofu er gengið út á timburverönd og sérgarð í suðvestur. Stórt og björt íbúð á besta stað, skóli, leikskóli, sundlaug, golfvöllur og gönguleiðir.
Verð kr. 23,5 m.



Arnarhöfði – 189,7 m² endaraðhús

189,7 m² endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskur við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er stór stofa, eldhús með fallegri víðarinnréttingu, borðstofa, svefnherbergi, forstofa og gestasalerni. Á 2. hæðinni eru tvö stór svefnherbergi og möguleiki á 2 öðrum svefnherbergjum, þvottahús og baðherbergi. Stór suðvesturgarður og svalir í suðvestur með miklu útsýni. Þetta raðhús er á flottum stað í Höfðahverfinu, stutt er á golfvöllinn og leikskóli, grunnskóli og sundlaug (í byggingu) eru í göngufjarlægð.
Verð kr. 41,9 m.



Tröllateigur – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá þessa glæsilegu 122,4 m², 3ja herbergja lúxusíbúð í mjög flottu lyftuhúsi í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög björt og rúmgóð með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi, stóru þvottahúsi, vinnuhóli, eldhús og mjög stórra stofu. Auk þess fylgir íbúðinni tvær geymslur og bílastæði í bílajakallara. Áhvilandi Glitnis lán með 4,15% vöxtum.
Verð kr. 27,7 m.



Furubbyggð – 166,3 m² endaraðhús

Erum með stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskurs. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasalerni á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og TV-hol á 2. hæð og stórt risherbergi. Stórar svalir í suðaustur, afgirt timburverönd út frá stofu og stórt hellulagt bílplan. Þetta er falleg eign í grónu og fríðsælu hverfi í Mosfellsbæ.
Verð kr. 39,3 m.



Dalatangi – Fallegt einbýlishús

Mjög fallegt 233 m² einbýlishús á tveimur hæðum með ca. 80 m² aukarymi í kjallara. Aðalhlæðin skiptist í 3-4 svefnherbergi, stórt eldhús, stofu, sólstofa, hol og baðherbergi. Í kjallara eru tvö mjög stór herbergi, baðherbergi með gufu og rúmgóður bílskur. Húsið stendur á mjög fallegri og grónni lóð. Verönd og heitur pottur að sunnverðu, við sólskála. Flott eign, rétt við alla þjónustu í miðbænum.
Verð kr. 49,7 m.



Klapparhlíð – 3ja herb.

Björt og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli á vestursvæði Mosfellsbæjar. Nýr grunnskóli og leikskóli eru 3 mínútna göngufjarlægð, en auk þess er verið að byggja inni/útsundlaug ásamt íþróttahúsi á sama stað. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari, sér þvottahús, geymsla inni í íbúð, fallegt eldhús og björt stofa.
Verð kr. 19,9 m.



Fálkahöfði – 3ja herb.

91 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli á flottum stað á vestursvæði Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög falleg, ný máluð og eikarparketi og flisum á gólf. Tvö rúmgóð svefnherbergi með kirsuberjaskápum, flíslagt baðherbergi með baðkari, sér þvottahús, rúmgóð stofa og afstúkað eldhús með borðkrók. Stórar svalir í suðvestur með góðu útsýni.
Verð kr. 21,9 m.



Álmholt – 236 m² einbýli + aukaíb.

Erum með 236,1 m² einbýlishús með aukaíbúð í kjallara, þar af 48,2 m² tvöfaldur bílskur. Aðalhlæðin er 140 m² og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til tleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innanlega í lóðinni og stórt og gott bílplan og mikill suðurgarður. Áhvilandi hagstæð 12,0 milljón kr. lán
****Verð kr. 46,2 m.****



Mosfellshéiði í einkaeign

Óbyggðanefnd, skipuð af forsætisráðherra árið 1998, hefur úrskurðað að Mosfellshéiði sé ekki þjóðlenda heldur í einkaeign. Nefndin tekur þó ekki afstöðu til þess hverjir eigi heiðina né hvar mörk einstakra eignarlanda séu. Mosfellsbær hefur barist hart fyrir því að heiðin sé í einkaeign og því mikil ánægja með þennan úrskurð.



Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar

Jóhann Hjálmarsson, rithöfundur og skáld, verður næsti bæjarlistamaður Mosfellsbæjar. Bæjarstjórn samþykkti tilnefningu hans á fundi þann 6. júní. Jóhann fæddist árið 1939 og hefur starfað m.a. sem bókmenntagagnrýnandi hjá Morgunblaðinu. Jóhann hefur verið ötull við skriftir í gegnum tíðina og eftir hann liggur mikill fjöldi af ljóðum og ritum. Jóhann tekur við verðlaunum sínum þann 17. júní næstkomandi og tekur við af gítarleikaranum Símoni H. Ívarssyni. Jóhann er fyrsti ritlistarmaðurinn sem hlýtur þessa viðurkenningu í bænum.



Veðurstöð á leiðinni?

Bæjarstjóra, Ragnheiði Ríkharðsdóttir, var falið á bæjarráðsfundi að athuga hvort forsendur séu fyrir því að setja upp veðurstöð í bænum. Bæjarstjóri mun því athuga kostnað og staðsetningu fyrir slíka stöð.

Skrifað undir málefnsamning

Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn í Mosfellsbæ hafa gert með sér eflirarandi samkomulag um samstarf flokkana í meirihluta í bæjarstjórn kjörtímabilið 2006-2010:

Bæjarstjóri:

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (D) verður bæjarstjóri fyrri hluta kjörtímabilsins og mun þá Haraldur Sverrisson (D) taka við sem bæjarstjóri.

Forseti bæjarstjórnar:

Karl Tómasson (V)

Formaður bæjarráðs:

Haraldur Sverrisson (D)

Í fimm manna nefndum verða Vinstri-græn með einn fulltrúa og Sjálfstæðisflokkurinn tvo. Formennska í nefndum verður eftirfarandi:

Formaður atvinnu- og ferðamálanefndar:
Birgir Haraldsson (V)

Formaður fjölskyldunefndar:
Jóhanna B. Magnúsdóttir (V)

Formaður menningarmálanefndar:
Bryndís Brynjarsdóttir (V)

Formaður umhverfisnefndar:
Elísabet Kristjánsdóttir (V)



Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar og Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri skrifa undir samstarfssamning til næstu fjögurra ára.

Formaður fræðslunefndar:
Herdís Sigurjónsdóttir (D)

Formaður íþróttu- og tómstundaneftdar:
Hafsteinn Pálsson (D)

Formaður skipulags- og bygginganeftdar:
Haraldur Sverrisson (D)

hilmar@mosfellingur.is

Meirihlutasamstarf V-lista og D-lista

Strax eftir að Sjálfstæðisflokkurinn missti meirihluta sinn í bæjarstjórn Mosfellsbæjar í kosningunum 27. maí hófust viðræður Samfylkingar, Framsóknar og Vinstri-grænna um myndun nýs meirihluta. Fundað var í fjóra daga og voru viðræðurnar því miður ekki uppörvandi. Allar tillögur um bæjarstjóra og skipan nefnda strönduðu á Framsóknarflokknum. Við hjá VG lögðum okkur alla fram um að ná samkomulagi og samþykktum meðal annars heilshugar að Jónas Sigurðsson, oddviti Samfylkingarinnar, yrði næsti bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Fimmtudaginn 1. júní sleit Framsóknarflokkurinn viðræðunum, öllum að óvörum. Síðar þann sama dag höfðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins samband við oddvita Vinstri-grænna, Karl Tómasson, og buðu upp á könnunarviðræður. Ákveðið var að skoða hvað út úr þeim kæmi. Er skemmst frá því að segja að tveimur dögum síðar var gengið frá samkomulagi um embætti, skiptingu nefnda og málefnsamning.

Við hjá VG megum vel við una. Flest það sem við vorum með á stefnu-

skrá okkar er komið inn í málefna-samninginn. Ekki er ætlunin að tína það til hér en það mun koma í ljós á næstu vikum og mánuðum. Niðurstaða VG var einfaldlega sú að við töldum að við næðum fleiri stefnumálum okkar fram í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn en í þriggja flokka samstarfi með Framsóknarflokkinn innanborðs.

Ennfremur töldum við að ópólitískur bæjarstjóri hefði ekki orðið góður kostur en ljóst var að það stefndi í slíkt eftir að framsóknarmenn höfnuðu Jónasi sem bæjarstjóra. Ópólitískur bæjarstjóri hefði þurft að sækja umboð sitt til þriggja flokka og erfitt hefði verið um vik fyrir hann að stjórna af nægilegri festu. Ennfremur voru verulegar líkur á því að annarhvort B-listi eða S-listi hefði gengið til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn, eftir að viðræðunum var slitið. Mér er auðvitað ljóst að samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn kemur mörgum kjósendum okkar á óvart enda sjaldgæft að þessir flokkar vinni saman. Ágreiningur þeirra er samt mun minni í sveitarstjórnarmálum



Ólafur Gunnarsson

Situr í skipulags- og bygginganeftnd Mosfellsbæjar



en landsmálum og með góðum vilja er hægt að ná samstöðu. Rétt er að minna á að í samstarfi tveggja flokka þarf að komast að sameiginlegri niðurstöðu í allri ákvarðanatöku.

Stjórnsmál snúast um völd og áhrif og með myndun þessa nýja meirihluta hefur VG komist til verulegra áhrifa í bæjarfélaginu sem við ætlum okkur að nýta, bæjarbúum til hagsbóta. Vinstri hreyfingin - grænt framboð er stjórnsmálaflokkur sem þarf að komast til áhrifa sem víðast. Það dugir ekki að vera alltaf í minnihluta. Við ætlum að starfa í þessum meirihluta af heilum hug og vonumst til að geta sýnt kjósendum okkar fram á að við höfum tekið rétta ákvörðun.

Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.




GÓTT FÓTLI MACANN



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í Vörðunni



Samræmdum prófum lokið

Nú liggja fyrir niðurstöður úr samræmdum prófum í 10. bekk grunnskóla. Báðir skólar bæjarins koma ágætlega út úr þeim og eru hærri í flestum greinum miðað við samanburð við landið allt. Varmárskóli er til að mynda með 6,1 í meðaleinkunn í stærðfræði en meðaleinkunn er 5,5 á landsvísi. Þá er Lágafellsskóli með 7,2 í meðaleinkunn í dönsku en meðaltalið fyrir allt landið er mun lægra eða 6,4.



Fjörugt sumar hjá Mosverjum

Skátafélag Mosfellsbæjar, Mosverjar, verður með skemmtilega dagskrá í allt sumar. Eins og áður verða skátarnir með skruðgöngu á 17. júní og verða nokkrar æfingar fyrir gönguna. Þá er stefnt á útilegu í Svínadal síðustu helgina í júní. Í júlí verða Mosverjar við Mývatn og þar verða á dagskrá gönguferðir og bátaferðir. Í ágúst taka Mosverjar þátt í hátíðinni Í túninu heima. Það er ávallt pláss fyrir fleiri skáta og geta áhugasamir aflað sér upplýsinga um skátana á vefsíðunni www.skatar.is/mosverjar.



Draumapizza á Draumakaffi

Síðustu helgi urðu breytingar á Draumakaffi þegar pizzastaðnum Pizza67 var breytt í Draumapizzu. Draumakaffi og Draumapizza eru í Háholtinu undir sama þaki. Mikil hátíð var í tilefni þessa þ.á.m mjög vel heppnað fótboltamót á planinu þar sem FC Jr. fór með sigur af hólmi.

Heillaóskir til Vinstri grænna í Mosfellsbæ!

Vinstrihreyfingin grænt framboð náði sögulegum og mikilvægum áfanga, sem ungt stjórnmálaafli í uppbyggingu, með sigri sínum í sveitarstjórnarkosningunum laugardaginn 27. maí sl. Við fengum vel á þriðja tug sveitarstjórnarmanna kjörna á þeim stöðum þar sem listakosning fór fram, þar af 14 í 11 sveitarfélögum þar sem boðnir voru fram V-listar. Við þetta bætast allmargir félagar okkar hér og þar í minni sveitarfélögum þar sem fram fór óhlutbundin kosning. Við Vinstri græn höfum þannig eignast myndarlegan hóp sveitarstjórnarmanna og stimplað okkur inn sem þriðji stærsti flokkur landsins á

sveitarstjórnarstiginu.

Einn af þeim stöðum þar sem við preyttum okkar frumraun og buðum fram í fyrsta sinn var Mosfellsbær. Skemmst er frá því að segja að árangurinn var glæsilegur. Frumleg og kjarkmikil kosningabaráttla með ungt og glaðbeitt fólk í forystu skilaði manni inn í bæjarstjórn. Og það sem meira er aðild að meirihluta í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn upp úr því að Framsóknarflokkurinn sleit viðræðum sínum, Samfylkingar og Vinstri grænna.

Ég óska Vinstri grænum í Mosfellsbæ til hamingju með góðan kosningasigur og allra heilla í meiri



Steingrímur J. Sigfússon

Formaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs



hlutasamstarfinu sem er að hefjast. Ég treysti Karli Tómassyni og félögum vel til að halda af myndugleik á okkar málstað þannig að félagslegar og grænar áherslur geri gott samfélag í fallegu umhverfi enn betra.

Get ekki orða bundist!!!

Þann 23. maí fékk ég tölvupóst frá foreldrafélagi Varmárskóla. Hjálpar óskast – útskriftarveisla þann 8. júní fyrir 10. bekkina og þeirra fólk. Í bréfinu kemur fram að það sé orðin löng hefð fyrir því í Varmárlóla að skólinn bjóði 10. bekkjum, foreldrum þeirra og forráðamönnum til útskriftarveislu í skólanum. Hefðin hefur verið sú að foreldrar barna í 9. bekk aðstoða skólann við þessa veislu á þann hátt að sjá um kaffið, hella uppá, leggja á borð og annað sem tilfellur og að sjálfsögðu vaska upp og ganga frá eftir veisluna. Í bréfinu er sem sagt leitað til okkar foreldra og forráðamanna sem sjálfbodaliða til aðstoðar og tekið

er fram að það þurfi allavega 8 – 10 sjálfbodaliða. Við erum beðin um að svara á ákveðið pósthfang hvort við getum komið og hvaða tími henti okkur best. Einnig erum við minnt á að á næsta ári munu okkar börn útskrifast úr 10. bekk og þá verða það foreldrar þáverandi 9. bekkina sem verða aðstoðarmenn og við sitjum við veisluborðið. Að lokum eru orðin: Sýnum samstöðu og hjálpum hvert öðru.

Ég sem foreldri las póstinn, hugsaði með mér þetta er skemmtileg hefð, gaman að hjálpa til og sjá um leið hvernig þetta gengur fyrir sig. Svaraði um hæl að ég gæti verið búin

í vinnu kl. 16 og það mætti setja mig á þann tíma sem hentaði best.

Ég kem svo á umræddum tíma. Það mættu þeir foreldrar. Í 9. bekk Varmárskóla eru 74 nemendur og má gera ráð fyrir að alla vega helmingur þeirra búi með báðum foreldrum sínum. Svo hér erum við að tala um yfir 100 foreldra. Ég get bara ekki orða bundist, hvað er að? Er þetta eingöngu hugsunarleysi, eða algjört skeytingarleysi. Er okkur alveg sama? Að lokum, hafa þessir sömu foreldrar hugsað sér að mæta í útskriftarveislu að ári ???

Berglind Steinþórsdóttir
foreldri

Er leikhús í bænum? Eru leikskáld í bænum?

Leikfélag Mosfellssveitar er nú byrjað á fullu að undibúa afmælisveislu sem haldin verður á næsta leikári, en félagið verður 30 ára þann 8. nóvember næstkomandi. Félagar hafa að því tilefni ákveðið að gera leikhúsið áberandi í bænum með ýmiskonar leiklistaraburðum. Félagar vona að bæjarbúar taki því vel og fjölmennir í leikhúsið og að þegar hátíðinni lýkur heyrir ekki lengur spurningar eins og „Er leikhús í bænum?“

Eitt af því sem félagið vill gera í byrjun næsta leikárs er að bjóða

bæjarbúum til stuttverkahátíðar. Fyrsta skrefið til undirbúnings hennar er að leita eftir því hvort ekki leynast hér í bæ leikskáld sem vilja leggja félaginu lið með því að skrifa leikþætti. Reyndar er nú þegar vitað af einstaklingum sem hafa í gegnum tíðina skrifað handrit að leikþáttum og leikritum sem sýnd hafa verið við hin ýmsu tækifæri. Nú er tilefni fyrir þá að taka sér penna í hönd og vonandi bætast fleiri í hópinn.

Lengd leikþáttanna skal vera 10-30 mínútur. Efniviður er alveg frjál

en gaman væri ef það tengdist á einhvern hátt Mosfellssveit eða Mosfellsbæ. Ef margir taka sér penna í hönd í þessu tilefni þarf að velja úr verkunum og eru höfundar því beðnir að skrifa undir dulnefni en láta fylgja með fullt nafn ásamt heimilisfangi og símanúmeri í lokuðu umslagi. Vinsamlegast sendið á Leikfélag Mosfellssveitar, pósthólf 35, fyrir 30. ágúst.

Með von um góðar undirtektir,
Leikfélag Mosfellssveitar

mosfellingur@mosfellingur.is

17. júní í Mosfellsbæ

Hátíðarguðspjónusta

í Lágafellskirkju kl. 11:00

Ræðumaður. Ásgeir Eiríksson, fv. formaður
sóknarnefndar Lágafellssóknar
Einsöngur: Margrét Árnadóttir
Organisti: Jónas Þórir – kór: Kirkjukór Lágafellssóknar
Prestur: Sr Ragnheiður Jónsdóttir þjónar fyrir altari
Skátar standa heiðursvörð við kirkjudyr



Dagskrá í Bæjarleikhúsi

Kl. 13:00

- Setning hátíðar

- ♦ Ávarp fjallkonu
- ♦ Vorboðar, kór eldri borgara
- ♦ Hátíðarræða
- ♦ Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2006 heiðraður.

Kl. 14:00

Skrúðganga frá Bæjarleikhúsi að Hlégarðssvæði.
Skátar leiða gönguna
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti bæjarbúum.



Dagskrá á Hlégarðssvæði

kl 14:30-16:00

- ♦ Leikskólabörn frá Reykjakoti skemmta fólki
- ♦ Bjarni Töframaður
- ♦ Uppákoma frá Leikfélagi Mosfellssveitar
- ♦ Fimleikadeild UMFA
- ♦ Íris Hólm Idolstjarna tekur nokkur lög
- ♦ Ronja Ræningjadóttir

Kl. 16:00

Sterkasti maður Íslands
8 sterkustu menn landsins keppa um
titilinn sterkasti maður Íslands

Kökuhlaðborð í Hlégarði

Sölutjöld

Andlitsmálun

Tívolí, leikir, glens og gaman með
félögum úr Mosverjum



Tónleikar á Hlégarðstúninu

20:00-22:00

Bob Gillian og strandverðirnir
Bríet Sunna idolstjarna
Svitabandið

Tónleikar fyrir alla, unga sem aldna!

Klæðum okkur eftir veðri



Undrun, kalda stríðið og tapliðið

Laugardaginn 3. júní sl. rituðu oddvitar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs hér í bæ undir samkomulag um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn næstu fjögur ár. Í kvöldfréttum Sjónvarpsins, RÚV, þann sama dag var viðtal við Jónas Sigurðsson, oddvita Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ.



Í viðtalinu kvaðst Jónas undrandi á því hversu fljótur oddviti Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, Karl Tómasson, var að hefja viðræður við Sjálfstæðismenn, eftir að snurð hljóp á þráðinn í viðræðum Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs og Framsóknarmanna um myndun meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Undrandi varð ég á viðbrögðum Jónasar, eins reyndur og hann er, en Jónas er einn allra farsælasti bæjarstjórnarmaður Mosfellinga. Jónas átti fyrst og fremst að undrast framkomu Framsóknarmanna. Oddviti

Framsóknar ofmat stöðu sína stórlega, ekki síst í ljósi kosningaúrslita, ekki oddviti Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, Karl Tómasson.

Hvort sem mönnum líkar það nú betur eða verr þá var Karl og Vinstri hreyfingin grænt framboð sigurvegari kosninganna hér í bæ á dögunum. Vinstri grænir fengu skýrt umboð kjósenda til að hafa áhrif á stjórn bæjarfélagsins okkar. Framsóknarmenn töpuðu þriðjungi atkvæða sinna, í prósentustigum talið, frá kosningunum 2002, fóru úr um 24% fylgi niður í 16%. Í ljósi þeirrar staðreyndar þá beið Framsóknarflokkurinn skipbrot í bæjarstjórnarkosningunum eftir fjögurra ára stjórnarandstöðu. Málflutningur flokksins og stjórnarandstaða hreif ekki kjósendur með sér.

Sjálfstæðismenn töpuðu u.þ.b. tíunda hverju atkvæði frá kosningunum

um 2002 en Framsókn þriðja hverju af sínum. Það var ekki Framsóknarmanna að setja sig á háan hest í þessu þótt sumir þeirra séu alvanir hestum. Þeirra framganga í viðræðum flokkanna þriggja sætti undrun, ekki framganga Karls og Vinstri grænna.

Skiljanlegt var að Karl stæði upp, tæki hatt sinn og staf og færi burt úr þvargi við þann sem tapaði kosningunum en taldi sig á sama tíma geta sett fram verulega skilyrði, síðan slitið formlegum viðræðum flokkanna þriggja og farið fram á óformlegar viðræður í kjölfarið. Sjálfsagt var, úr því málum var þannig komið, að Karl léti reyna á hvað hann fengi út úr viðræðum við Sjálfstæðismenn.

Karl og hans fólk felldi meirihluta Sjálfstæðismanna, ekki Jónas og Samfylkingin, sem lítillaga skreidd upp á við í fylgi, þaðan af síður Framsóknarmenn. Karl og hans fólk felldi meirihlutann til þess að komast til áhrifa hér í bæ, ekki til þess að sitja áhrifalausir í viðjum kalda stríðsins næstu

fjögur árin eða í herkví tapliðsins. Karl var og er reiðubúinn að vinna með Sjálfstæðismönnum hér í bæ; málefnagrundvöllur er fyrir hendi.

Sú staðreynd á ekki að vera undrunarefni hér í bæ, né annarsstaðar, að Sjálfstæðismenn og Vinstri grænir vinni saman að hagsmunum síns bæjarfélags í meirihlutasamstarfi. Það eru mikið frekar hrein firn að á 21. öld skuli enn vera til bæjarstjórnarmenn í Mosfellsbæ sem sitja fastir í viðjum kalda stríðsins og telja það undrun sæta að vinstri menn skuli geta hugsað sér að vinna með hægri mönnum við að gera góðan bæ betri í stað þess að sitja í þvargi um keisarans skegg með tapliðinu.

Ívar Benediktsson

Höfundur hefur alla sína hundstið og kattarævi búið í Mosfellsveit og síðar bæ. Hann kaus ekki Vinstri hreyfinguna grænt framboð bæjarstjórnarkosningunum 27. maí sl.

Eftir kosningar

Eftir kosningar er gott að líta til baka og skoða ýmsa atburði kosningabaráttunnar.

Eins og það sem gerðist eftir að Framsókn, Samfylkingin og Vinstri grænir höfnuðu því að taka þátt í sameiginlegum framboðsfundi í Hlégarði þar sem sjálfstæðismenn voru með ólýðræðislegar hugmyndir varðandi fyrirkomulag fundarins. Ekki var áhugi af hálfu flokkanna þriggja að endurtaka leiksýninguna úr Hlégarði frá því fyrir fjórum árum síðan þar sem sjálfstæðismenn mættu á fundinn með fyrirfram tilbúnar spurningar á blaði.

Þegar ljóst var orðið að enginn sameiginlegur fundur yrði, þá sendu sjálfstæðismenn út dreifibréfið „Sannleikann takki“ en innihald þess eru hrein ósannindi.

Í umræddu dreifibréfi segir „Eina skilyrðið sem við sjálfstæðismenn settum fram var að bæjarbúar fengju að spyrja framboðendur. Það gátu oddvitar hinna framboðanna ekki sætt sig við.“ Í framhaldinu birtist á vef D-listans varma.is tölvupóstar sem

höfðu farið á milli flokkanna við undirbúning framboðsfundarinnar og þar var m.a. tölvupóstur frá oddvita Samfylkingarinnar til Sjálfstæðisflokksins og þar stendur orðrétt:

„Sæl Ásta.

Eftirfarandi eru mínar hugmyndir um fundinn:

1. Hef ekki athugasemdir um fundartímann.

2. Upphafsvörp. Ákveðinn tími í heildina úthlutaður hverju framboði sem getur síðan skipt honum að vild.

3. Allar spurningar sem bornar eru fram hafi öll framboðin rétt til að tjá sig um ef þau vilja þó fyrirspyrjandi beini spurningunni sérstaklega að einu framboði.

4. Í panel verði einungis oddvitar framboðanna. Með þeim hætti verður fundurinn líflegri.

5. Sammála um 3ja mínútna lokaorð.

6. Hef efasemdir um það form að fundarmenn þurfi að afhenda fundarstjóra spurningarnar skriflega fyrirfram.

7. Hef efasemdir um að einstaklingur

sem situr á lista megi ekki koma fram með spurningar.

Þetta er það sem ég hef athugasemdir við en að sjálfsgöðu verðum við að vera sammála um val á fundarstjórum og tímavörðum.

Kveðja,
Jónas.”

Þarna sést svo ekki verður um villst að sjálfstæðismenn sögðu vísitandi ósatt, enda hefur texti þessa tölvupósts nú verið fjarlægður af vef Sjálfstæðisflokksins. Þarna kemur greinilega fram að Samfylkingin vildi hafa spurningar úr sal, en D-listinn vildi einoka fundinn eins og fyrir fjórum árum. Enda ætluðust þeir ekki til að fundurinn væri fyrir hinn almenna bæjarbúa heldur leiksýning sem þeir stýrðu.

Meirihluti sjálfstæðismanna féll, en í framhaldinu mistókst því miður að mynda meirihluta B-, S- og V-lista vegna óraunhæfra krafna oddvita Framsóknarflokksins sem m.a. vildi ekki taka tillit til atkvæðamagns hvers framboðs fyrir sig og gerði tillögu um



Guðbjörn Sigvaldason

Formaður kosningastjórnar Samfylkingarinnar

sjálfan sig sem bæjarstjóra. Í framhaldinu mynduðu D- og V-listi meirihluta á mettíma. Það skyldi þó ekki vera þannig að oddvitar þeirra hafi verið búnir að undirbúa jarðvegin? Eða fóru Vinstri-grænir á taugum? En mikið hljóta kjósendur Hægri-grænna, afsakið Vinstri-grænna, að telja sig svikna, því langflestir þeirra hafa ekki kosið listann til að framlengja valdatíma Sjálfstæðisflokksins. Kannski eru Vinstri-grænir í Mosfellsbæ að verða eins og Framsókn á landsvísu, þ.e. hækja fyrir Sjálfstæðisflokkinn til að halda völdum.

Það er ljóst að þennan meirihluta kusu bæjarbúar ekki yfir sig.



ALLAR TJÓNAVIÐGERÐIR

FLUGUMÝRI 16A - S. 566 7778



Rétt skal vera rétt

Eitthvað gerðust kaupin á pólitísku eyrinni skringileg í augum kjósenda eftir bæjarstjórnarkosningarnar. Í hugum kjósenda Vinstri-grænna, Framsóknar og Samfylkingarinnar á kjördag var enginn vafi á að þeir voru að kjósa gegn áframhaldandi setu sjálfstæðismanna í meirihluta og með endurnýjun í stóli bæjarstjóra. Gegn yfirgangi og gerræðislegum stjórnarháttum og með lýðræðislegum stjórnarháttum og samráði við íbúana. Á kosninganótt ríkti mikill fögnuður á kosningavökum þessara flokka, þó hann væri tregablandinn hjá Framsókn, enda ekkert nema tækifæri framundan í samstarfi þessara flokka. En hvað gerðist síðan og hvers vegna?

Í þessum stutta pistli verður atburðarásinni ekki lýst nákvæmlega en einni leiðréttingu þarf að koma á framfæri. Oddviti Framsóknarflokksins segir á vefsíðu framsóknarmanna, mosfellsfrettir.is, að hann hafi

slitið formlegum viðræðum vegna ósanngjarnra krafna Samfylkingarinnar. Þar á hann væntanlega við að fulltrúar Samfylkingar aftóku að fallast á þá kröfu hans að formennsku í nefndum og ráðum skyldi skipt jafnt milli flokkanna þriggja ef ráðinn yrði ópólitískur bæjarstjóri. Íbúar Mosfellsbæjar mættu á kjörstað og merktu við þann framboðslista sem þeir best treystu til að koma að stjórn bæjarins. Þar náðu flokkarnir misjöfnu árangri. Ef ekki á að taka mark á þeim skilaboðum sem koma upp úr kjörkössunum þá er bara hreinlega að spara kjósendum umstangið og hafa tilhleypingar á fjögurra ára fresti þar sem stjórnámálameinn reyna sig við hrossakaup og óprúttustu aðilarnir fara með sigur af hólmi. Að taka ekkert mark á úrslitum kosninga og í raun að hundska þau er skrumskæling á lýðræðinu. Það er að vísu þekkt bæði úr landsmálunum og nú nýlega í höfuðborginni hjá helmingaskipta-flokknum en almenningur hefur

fengið sig fullsaddan á þess konar vinnubrögðum.

Til að koma í veg fyrir meiri miskilning skal það upplýst hér að fyrsta tilboð Samfylkingar í meirihlutaviðræðum við Framsókn og VG hljóðaði upp á að oddviti Samfylkingar yrði bæjarstjóri, oddviti Framsóknar yrði formaður bæjarráðs og oddviti Vinstri-grænna yrði forseti bæjarstjórnar. Þessi tillaga var sett fram vegna viðtæks stuðnings og áskorana frá fjölda bæjarbúa og náði sá stuðningur langt út fyrir raðir Samfylkingarinnar og inn í raðir Framsóknar og VG.

Vegna forgjafar sem bæjarstjórastaðan veitir bauð Samfylking að Framsókn og VG fengu fleiri formenn nefnda en Samfylking og allir flokkar ættu einn fulltrúa í hverri nefnd. Ennfremur var ráð fyrir því gert að embætti formanns bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar yrðu gerð sýnilegri í bæjarlífinu til að jafna sem best



Anna Sigríður Guðnadóttir

Varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

aðstöðu oddvitanna. Móttilboð oddvita Framsóknar var að hann sjálfur yrði bæjarstjóri og Framsókn myndi afsala sér allri formennsku í nefndum og ráðum. Þetta tilboð var bara ekki hægt að taka alvarlega enda efast ég um að framsóknarmenn almennt hefðu sætt sig við þá niðurstöðu.

Bæjarbúar vita síðan að atburðarás þessari lauk með því að Vinstri-grænir réðu sig í vist hjá Sjálfstæðisflokknum. Hvernig ætli staðföstum, innvígðum og innmúruðum Vinstri-grænum líki vistaböndin?

Fjölbreytt og krefjandi starf í Þjónustuveri Mosfellsbæjar



Mosfellsbær óskar að ráða þjónustufulltrúa í fullt starf í Þjónustuver Mosfellsbæjar.

Viðkomandi verður jafnframt ritari bæjarstjóra. Helstu verkefni verða símvarsla, þjónustu- og upplýsingagjöf, ýmis skráningarvinna, reikningagerð, bókanir á fundarherbergjum og viðtölum, umsjón með skrifstofutækjum og ritfangalager, gerð fundaboða ásamt almennum skrifstofustörfum. Vinnutími er 8-16:15. Kunnátta á tölvur, reynsla af sambærilegum störfum, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum er æskileg. Konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um.

Laun eru skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknum skal skilað fyrir 26. júní í Þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða á netfangið anna@mos.is.

Nálgast má umsóknareyðublöð á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is. Frekari upplýsingar um starfið gefur Anna Margrét Bjarnadóttir í síma 5256700 eða á netfangið anna@mos.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frjálst og óháð bæjarblað
mosfellingur@mosfellingur.is

Í túninu heima!



Bæjarhátíð í Mosfellsbæ 25. – 27. ágúst 2006

Dagskrá hátíðarinnar fer fram á eftirtöldum stöðum:

Íþróttamiðstöðinni að Varmá, Álafosskvosinni, Stekkjarflöt, Hlégarði, Listasal og Bókasafni í Kjarna, Bæjarleikhúsinu, Varmárbökkum á Íþróttasvæði hestamanna og á Hlíðarvelli - golfvelli bæjarins.

Íþróttahúsinu að Varmá verður breytt í „Hátíðarhöll“ þar sem fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum gefst kostur á að kynna starfsemi sína. Settir verða upp sýningarbásar og svið þar sem fram fara ýmis dagskráratriði fyrir gesti hátíðarinnar. Kjúklingaveisla verður við Hlégarð. Leiktæki og skemmtiatriði verða fyrir börnin. Dansleikur í Hlégarði með Stuðmönnum.



Halldór og Brynja sigursæl í frjálsum

Þann 4. júní var haldið meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum í Kópavogi. Þau Halldór Lárusson og Brynja Finnsdóttir, íþróttafólk Mosfellsbæjar 2005, stóðu sig mjög vel og Halldór varð Íslandsmeistari í fjölþraut. Með þessum sigri náði Halldór lágmörkum til Evrópubikarkeppni og verður því meðal keppenda á því móti sem haldið verður á Spáni í sumar. Brynja náði í silfursæti í kvennaflokki í fjölþraut og náði lágmörkum fyrir Norðurlanda-meistaramótið sem verður í Noregi innan skamms.



Góð helgi hjá ungmennum Kjarar

Unglingar í golfklúbba Kjarar tóku þátt í fyrsta stigamóti unglinga á KB-mótaröðinni um síðastliðna helgi. Mótið var haldið á Þorlákssvelli á Þorlákshöfn. Hæst bar sigur Guðjóns Hennings Hilmarssonar en hann sigraði í flokki 16-18 ára. Páll Theódórsson varð í þriðja sæti í flokki 14-15 ára og þá náði Geir Jóhann Geirsson þriðja sæti í flokki 13 ára og yngri. Alls tóku þrettán Kjararmenn þátt í mótinu og er framtíðin björt hjá yngri kynslóðum Kjarar í golfi.



Blakarar á stórmóti í Finnlandi

Um síðastliðna helgi fór 25 manna hópur úr blakdeild Aftureldingar til Finnlands. Þar var haldið eitt stærsta blakmót heims og um 10.000 börn tóku þátt í því á aldrinum 6-19 ára. Mótið er sérstakt fyrir það að börnin sem taka þátt sjá einnig um dómgæslu.

Fótboltasumaríð



Ungt en afar efnilegt lið á ferðinni

Hvernig leggst tímabilið í þig?

Tímabilið leggst vel í mig, við höfum ekki náð að byrja nógu vel og tímabilið verður erfitt því liðið er ungt en afar efnilegt.

Hver er ásættanlegur árangur liðsins í sumar?

Vera fyrir ofan miðju. Það er stefnan. Liðið er ungt og ekki hægt að sækjast eftir miklu meiru

en því.

Hvernig er stemmningin í hópnum?

Hún er fín, það er aðalmálið að hugsa bara um einn leik í einu og einbeita sér að því.

Falla nýju mennirnir vel inn í hópinn?

Þeir falla vel inn og meðalaldurinn er um 20 ára. Strákarnir eru því allir á svipuðum aldri og stemmningin eftir því.



Afturelding STOFNAÐ 11. APRÍL 1909

Ungmennafélagið Afturelding var stofnað 11. apríl 1909 og stýttist því öðum í 100 ára stórafmæli. Í sumar leikur félagið í 2. deild á Íslandsmeistaramotoinu. Undanfarin ár hefur Afturelding verið í 2. deild en eitt besta tímabil félagsins var árið 2002 þegar það var aðeins hársbreidd frá því að komast upp í úrvalsdeildina. Það árið endaði liðið í 4. sæti í 1. deild. Ári eftir féll liðið aftur niður í 2. deild. Í fyrrasumar endaði Afturelding í neðri hluta 2. deildar en bjargaði sér frá falli á lokaspettinum.

Komnir: Anton Ástvaldsson frá Hetti, Arnar Steinn Einarsson frá Haukum, Beitir Ólafsson í láni frá HK, Einar Óli Þorvarðarson frá Val, Gunnar Steinn Ásgeirsson í láni frá Víkingi, Hörður Ingþór Harðarson frá ÍH, Hörður Jens Guðmundsson frá Stjörnunni, Ómar Örn Ólafsson frá Þrótti, Svanur Freyr Árnason frá Leikni F, Þórarinn Máni Borgþórsson frá Hetti og Torfi Geir Hilmarsson frá Val.

Farnir: Albert Högnason í Hauka, Björn Sigurbjörnsson í Leikni, Hannes Þór Halldórsson í Stjörnuna, Þorvaldur Árnason í Stjörnuna, Jón Orri Ólafsson í Fram, Jónas Guðmannsson hættur, Andri Már Óttarsson hættur.

Þjálfari: Ólafur Ólafsson,
Fyrirliði: Gunnar Borgþórsson
Liðsstjóri: Anna H. Gísladóttir
Heimasíða: www.afturelding.is



Sun.	21. maí	kl. 14:00	Afturelding - Huginn	1-1
Mán.	5. júní	kl. 16:00	Afturelding - KS/Leiftur	1-4
Fös.	23. júní	kl. 20:00	Afturelding - Njarðvík	
Þri.	11. júlí	kl. 20:00	Afturelding - Sindri	
Mán.	17. júlí	kl. 20:00	Afturelding - Reynir S.	
Fim.	27. júlí	kl. 20:00	Afturelding - ÍR	
Fim.	10. ágúst	kl. 19:00	Afturelding - Selfoss	
Lau.	26. ágúst	kl. 14:00	Afturelding - Fjarðarbyggð	
Sun.	3. sept.	kl. 14:00	Afturelding - Völsungur	

Markmenn:

Beitir Ólafsson
Ómar Örn Ólafsson

Varnarmenn:

Anton Ástvaldsson
Arnar Gauti Óskarsson
Birgir Þór Birgisson
Helgi Þór Guðjónsson
Hörður Ingþór Harðarson
Hörður Jens Guðmundsson
Jón Fannar Magnússon
Matthías Svavar Alfreðsson

Miðjumenn:

Albert Ásvaldsson
Arnar Steinn Einarsson
Gunnar Rafn Borgþórsson
Gunnlaugur Garðarsson
Jakob Örn Guðlaugsson
Jóhann Björn Valsson
Snorri Helgason
Svanur Freyr Árnason
Sævar Freyr Alexandersson
Þórarinn Máni Borgþórsson
Wentzel Steinarr R Kamban

Sóknarmenn:

Arnór Prastarson
Atli Heimisson
Einar Óli Þorvarðarson
Kristófer Róbertsson

ð á Varmárvelli

Stefnum á úrslitakeppnina

Hvernig leggst tímabilið í þig?

Það leggst vel í mig og góð byrjun.

Hópurinn er breiður og góður.

Hver er ásætlanlegur árangur liðsins í sumar?

Stefnan er að komast í úrslitakeppnina, það væri gaman að komast upp í 2. deildina en markmiðið er fyrst og fremst úrslitakeppnin.

Hvernig er stemmningin í hópnum?

Hún er mjög fín, við erum ca 24 sem erum að æfa og góð stemmning hjá okkur.

Falla nýju mennirnir vel inn í hópinn?

Prír hafa fallið vel inn og einn hefur þegar komist inn í byrjunarliðið. Þetta eru hressir strákar og góðir fyrir mórallinn í liðinu.



Tillaga að strandblakvelli

Á bæjarráðsfundi þann 24. maí síðastliðinn var lögð fram tillaga um að reisa strandblakvöll í bænum. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum og fór fyrir bæjarstjórn. Þar var samþykkt að senda málið til íþróttar og tómstundanevndar og tækni og umhverfissviðs. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun. Það var Afturelding sem lagði fram þessa tillögu og forvitnilegt verður að vita hvernig fer.

Goggi galvaski nálgast óðfluga

Goggi galvaski býður ykkur velkomin í 16. sinn til stórhátíðar okkar frjálsíþróttamanna dagana 23. - 25. júní sumarið 2006 á Varmárvelli í okkar fagra Mosfellsbæ.



- Goggi galvaski, er frjálsíþróttahátíð allra landsmanna 14 ára og yngri.
- Goggi galvaski, hefur haft það að leiðarljósi allt frá byrjun að skemmta sjálfum sér og að gestir hans

skemmti sér vel yfir hátíðisdagana í leik jafnt sem keppni.

- Goggi galvaski veit að þessi hátíð kveikir oft áhuga á því að stunda frjálsar íþróttir um ókomin ár.
 - Goggi galvaski er rogginn yfir því að margir af núverandi landsliðsmönnum og -konum í frjálsíþróttum byrjuðu feril sinn einmitt hjá sér.
 - Goggi galvaski stefnir á að verða alþjóðlegur.
- Nánari upplýsingar um dagskrá mótsins er að finna á fri.is undir mótaskrá.

Goggi galvaski óskar eftir liðsinni þínu, Mosfellingur góður, við aðstoð á vellinum á hátíðinni. Hafið samband við Hlyn í GSM: 699-3456.



Markmenn:

Kristján Guttormur Einarsson
Steinar Örn Stefánsson

Varnarmenn:

Bjarni Bjarkason
Davið Jón Ríkharðsson
Geir Rúnar Birgisson
Guðbrandur Jóhannesson
Jóhann Ingi Jónsson
Jóhannes Ægir Kristjánsson
Magnús Einarsson
Reynir Andri Sverrisson

Miðjumenn:

Jóhann Benediktsson
Jón Baldur Baldursson
Mikael Karl Ágústsson
Nikulás Árni Sigfússon
Steingrímur Benediktsson
Arnar Harðarson
Ásbjörn Jónsson
Baldur Fannar Andrésson
Bjarni Jóhannesson
Björn Örvor Björnsson
Vilhjálmur Sturla Eiríksson

Sóknarmenn:

Guðjón Frimann Þórunnarson
Heiðar Valur Bergmann
Svanþór Einarsson

Hvíti riddarinn STOFNAÐUR 14. ÁGÚST 1998

Hvíti riddarinn leikur í 3. deild Íslandsmeistaramótsins. Félagið var í fyrsta skiptið í 3. deild Íslandsmeistaramótsins sumarið 2005. Riddarinn var nálægt því að komast upp í 2. deildina og spiluðu afar vel allt sumarið. Áður hafði klúbburinn spilað í utandeildinni síðan 1999 og unnið hana tvisvar sinnum. Í gegnum tíðina hefur félagið ávallt verið með efstu liðum í utandeildinni. Fyrsti alvöru titillinn kom nú í vor þegar Riddarinn vann deildarbikarinn í 3. deild.

Komnir: Guðbrandur Jóhannesson, Jóhann Ingi Jónsson, Kristján Guttormur Einarsson og Mikael Karl Ágústsson.

Farnir: Júlíus Arnarson og Loftur Þór Þórunnarson.

Þjálfari: Geir Rúnar Birgisson

Fyrirliði: Magnús Einarsson

Liðsstjórar: Þorsteinn Baldursson, Hilmar Gunnarsson og Sigurjón Gunnlaugsson

Heimasíða: www.riddarinn.is

fös.	02. jún.	kl. 20:00	Hvíti Riddarinn - Ýmir	3-0
fös.	16. jún.	kl. 20:00	Hvíti Riddarinn - ÍH	
lau.	24. jún.	kl. 14:00	Hvíti Riddarinn - Bolungarvík	
fim.	29. jún.	kl. 20:00	Hvíti Riddarinn - Markaregn	
mán.	10. júl.	kl. 20:00	Hvíti Riddarinn - Léttir	
lau.	29. júl.	kl. 20:00	Hvíti Riddarinn - Bl	
lau.	19. ágú.	kl. 14:00	Hvíti Riddarinn - Árborg	



Hættir kennslu eftir 28 ár

Sesselja H. Guðjónsdóttir kennari í Varmárskóla til 28 ára hættir kennslu nú í vor. Þann 9. júní útskrifaði Sesselja síðasta umsjónarþekkingu sinni og lét sjálf af störfum þann 13. júní.

Hún hóf störf sem kennari 13. september 1967 í Árbæjarskóla. „Það er stundum sagt að talan 13 sé óhappatala en fyrsti starfsdagur minn var 13. september í stofu 13 og var ég með 13 nemendur og ég lýk starfsferlinum þann 13. júní í stofu 13“ segir Sesselja.



MOSFELLINGUR

Sesselja hóf störf sem handavinnukennari í Gagnfræðaskólanum og sem umsjónarkennari sex ára bekkjar í Varmárskóla árið 1978. „Þá var þetta sitthvor skólinn og fyrir misgáning mætti ég alls ekkert fyrsta daginn minn í nýju starfi. Ég hafði fengið upplýsingar um skólasetningu Gagnfræðaskólans en ekki Varmárskóla sem hóf störf daginn áður. Ég hélt nú samt starfinu.“

Sesselja vann við báða skólana í sjö ár en fór þáálfarið að kenna sem umsjónarkennari í Varmárskóla. „Ég var meira eða minna alltaf með sama bekkinn í mörg ár, tók stundum við af öðrum en reyndi helst að taka við þeim sex eða sjö ára og fylgja þeim upp í gegnum barnaskólann. Ég hef alla tíð verið heppin með börn og foreldra og samstarf á milli okkar verði til sóma. Ég hef ekki náð að fylgjast nógu vel með nemendunum eins og ég vildi en frétti þó reglulega af sumum þeirra og hvernig þeim reidir af.“

Sesselja segir mikið hafa breyst í kennsluáðferðum frá því hún byrjaði að kenna „Þá var öldin önnur og það mátti helst ekki brosa fyrir jól. Í dag hafa kennsluáðferðirnar breyst til batnaðar og vitað er að hrós er aðal agastjórnunin. Það er mjög jákvætt hvað foreldrar eru í góðum tengslum við skóla og kennara í dag og almennt finnst mér foreldrar reyna eftir fremsta megni að standa sig vel í uppeldinu.“

Eiginmaður Sesselju er Björgvin B. Svavarsson gull- og silfursmiður og handmenntakennari við Digra-nesskóla. Hann lætur einnig af störfum nú í vor. Sesselja er ekki nema sextug að aldri en getur leyft sér að hætta svona snemma vegna þess að



hún er búin að kenna svo lengi. „Það er yndislegt að geta hætt á meðan heilsan er góð og þrekið óskert. Þó að kennslan sé skemmtileg er hún mjög ljúfandi og krefjandi og ég er einfaldlega orðin mjög þreytt. Ég er rosalega sátt við að hætta og það er líka svo gaman að hætta núna þar sem allt hefur gegnið svo vel með síðasta bekkinn minn sem var hreint og beint yndislegur. Nú ætla ég að sinna barnabörnunum mínum meira, ríða út, hjálpa vinum og njóta lífsins. Draumurinn er að halda áfram að ferðast innanlands með hestana, þar er enn af nógu að taka. Svo langar mig til Ástralíu ef ég fæ Björgvin til þess að samþykkja það! En fyrst fer ég til Finnlands með kennurum Varmárskóla og til Noregs og Svíþjóðar að heimsækja ættingja. Ég er samt svo tengd Íslandi að ég gæti ekki farið lengi að heiman og búið erlendis, þar fyrir utan gæti ég ekki skilið við hestana lengi í einu“ segir Sesselja að lokum glöð með lífið og tilveruna.



Nú á vordögum færði síðasti bekkur Sesselju henni fallega gjöf. Bekkurinn, ásamt foreldrum, fór heim til hennar og færði henni fallega skál gerða af Ingu Elínu listakonu. Í skálinni er fugl sem táknar Sesselju og á skálinni utanverðri eru 27 hjörta ásamt nöfnum barnanna í bekknum. Myndirnar eru teknar við það tækifæri.

Ég held með Aftureldingu !

Að alast upp í leik og starfi með íþróttafélagi eflir mann sem mann-skju, á því leikur ekki nokkur vafi.

Enda hef ég stutt öll mín börn í því að stunda íþróttir. Ég er svo viss um að sú reynsla á eftir að nýtast þeim vel allt lífið.

Sjálf ólst ég upp við að stunda íþróttir og starfa með íþróttafélaginu mínu. Það þurfti að sinna fjárflyunarverkefnum og sjálfbóðaliða starfi meðfram æfingunum, það gerði allur hópurinn og þótti bara sjálfsagt. Það var líka rosalega gaman. Þeir sem sinntu æfingunum best, sinntu yfirleitt félagsstarfinu best, svona lagað helst yfirleitt í hendur. Að stunda íþróttir krefst aga og ábyrgðar. Það er gott veganesti úti lífið að hafa alist upp

við það. Það er svo gaman að fylgjast með því þegar fólk gengur vel.

Þegar ég flutti í nágrenni við Mosfellsbæ og börnin mín hófu að æfa með Aftureldingu hóf ég að sinna sjálfbóðaliðastarfi í kringum íþróttirnar þeirra og leggja mitt að mörkum til að efla starfið. Íþróttaiðkun barna kallar á sjálfbóðastarf okkar foreldra.

En ég er ekki búin að gleyma gamla íþróttafélaginu mínu ég „lagði bara gamla félagið mitt á hilluna“.

Ég held bara með Aftureldingu og ég held með börnunum mínum og félögum þeirra. Það er svo stórt verkefni að það dugir mér alveg.

Ég held með Aftureldingu !! þegar ég les íþróttasíðurnar í dagblöðunum

og sé krakka úr Aftureldingu standa sig vel í einhverri íþróttagein þá stækka ég þínu lítið, ég verð svo stolt að tilheyra félaginu.

Það er hluti af því að leyfa sér að tilheyra algjörlega félaginu, vera ekki með hluta af taugunum allt annars staðar. Mér finnst að íþróttafélag barnanna minna eiga það skilið að þar liggi taugarnar, hvort sem þær hafa verið annarsstaðar áður.

Ef ég ætti fyrra hjónaband að baki, þá þætti manninum mínum í dag ekkert spennandi ef ég bæri það miklar taugar til þess fyrirverandi að ég tæki hann að mörgu leiti fram yfir.

Eða hvað???

Það geta alveg verið ástæður fyrir því að foreldrarnir haldi einhverri

tryggð við sitt gamla félag. En hvernig tekst okkur að hlúa að hjartanu í Aftureldingu, ef flestir foreldrar sem á annað borð fara með íþrótt krökkunum sínum á völinn, fara á völinn hjá „gamla“ félaginu sínu, en hafa ekki hugmynd um hvenær Afturelding er að spila?

Til að Afturelding nái stöðugri fótfestu sem alvöru íþróttafélag, þá þarf stuðningurinn einhversstaðar að byrja, því ekki að taka saman höndum á því ágæta ári 2006 og styðja við bakið að félaginu okkar og mæta á völinn sem allra oftast?

Sjáumst í stúkunni að Varmá áfram Afturelding

Hanna Símónardóttir

Landsbankamótið á Tungubökkum

Um hvítasunnuhelgina fór Landsbankamótið 2006 fram á Tungubökkum. Mótið er samvinnuverkefni Landsbanka Íslands og Knattspyrnu- deildar Aftureldingar en í ár var mótið í fyrsta skipti ætlað bæði drengjum og stúlkum. Um er að ræða eitt glæsilegasta knattspyrnumót sem fram hefur farið í Mosfellsbæ en hátt í 1.000 keppendur af báðum kynjum, allt frá 12 ára aldri og niður, öttu þar kappi. Ætla má að aðrir gestir mótsins hafi rúmlega tvöfaldað þennan fjölda. Þó keppnisskapið sé aldrei langt undan á knattspyrnumótum af þessu tagi, voru þó einkunnarorð mótsins „Gaman saman“ höfð að leiðarljósi.

Allir keppendur voru því lýstir sigurvegarar og hlutu að launum verðlaun frá Landsbankanum. KSÍ og Mastercard gáfu einnig sérstök háttvísiverðlaun til þeirra félaga sem sköruðu framúr í þróðmennsku og háttvísi. Auk knattspyrnuíðkunarinnar gátu keppendur fylgst með landskunnum skemmtikröftum, eins og Birgittu Haukdal og Snorra Idolstjörnu, stíga á stökk og skemmta gestum. Fjöldi sjálfboðaliða úr hópi for- eldra knattspyrnukrakka í bænum sá um að mótið gekk vel og snurðulaust fyrir sig. Stjórn knattspyrnudeildar vill koma á framfæri bestu þökkum til þátttakenda og til allra þeirra for- eldra sem lögðu sitt að mörkum svo hægt væri að halda mótið. Meðfylg- andi eru nokkrar myndir frá Lands- bankamótinu 2006.



**NÝJAR
PERUR**

Sólbáðstofa
Mosfellsbæjar

Þverholt 5 - s. 566 8110

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is





Þolreið Laxnes og Icelandair

Hestaleigan Laxnes í Mosfellsdal hélt á dögunum þolreiðarkeppni. Þessi keppni var haldin í samstarfi við flugfélagið Icelandair og var hún einnig haldin í Þýskalandi, Danmörku og Noregi. Þá verður keppni haldin í Svíþjóð á haustdögum. Hér á Íslandi vann Aðalheiður Guðjónsdóttir í ungmennaflokki og Pétur Andersen í flokki fullorðinna. Góð þátttaka var í reiðinni sem heppnaðist afar vel.




Veistu svarið?

- 1 Hvaða ár var fyrsta upphitaða gróðurhúsið reist í bænum?
- 2 Hversu hátt er Úlfarsfellið?
- 3 Hvar er starfsemi Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar staðsett?

Svör: 1. Árið 1923 2. Um 295 metrar 3. Á Jarðhæð í Kjalarnum

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Frá Köldukvísl að Stríp

Í febrúar 1918 birtist nokkuð löng grein um Mosfellssveit í Morgunblaðinu eftir einhvern ónefndan mann sem kallaði sig Krumma. Greinin er öll hin undarlegasta og skrifuð í gamansömum tón, jafnvel háðskum. Á þeim tíma var Morgunblaðið oftast aðeins fjórar síður og allundarlegt að ritstjóri hafi tekið slíka grein til birtingar enda fór hún greinilega í taugarnar á sumum sveitungum.

Krummi bíður í upphafi lesendum í ferð um Mosfellssveit, sem þá var landmeiri en nú er, og kemur heim á fjölmarga bæi í sveitinni. Hér verða aðeins tekin fáein dæmi úr þessum heimsóknum. Krummi byrjar ferðalagið við Köldukvísl og segir: Hún er svo köld að eigi má hún í frosti frjósa né við eld hitna. Fyrir sunnan hana er Víðirinn. Á honum eru svo margar þúfur sem dropar hafsins. Þar hafa verið flestar kýr saman komnar hér á landi en nytminnstar. Þær öskruðu svo hátt og ógurlega að enn drynur í nálægum fjöllum. Upp af Víðirnum er Laxnes, þar býr Guðjón; hann hefur séð útilegumenn. Þar fyrir sunnan eru Hraðastaðir. Þar býr Magnús; þar eru grös góð og fé fallegt. Í suðvestri er Helgadalur. Þar býr Jón. Hann vinnur fyrir 10 börnum og er það rösklegt. Fyrir sunnan Víðirinn eru Partabæir. Þar búa þrír. Einn er Þórður; hann er vel að sér og kirkjuþjónn. Annar er Einar; hann er starfsamur og hagur vel. Hinn þriðji er Ágúst; um hann kann ég ekki að segja. Þar eru hverir vellandi og kartöflur svo stórar sem þríbandshnoða. Þar sér aldrei sól því Víghóll skyggir á. Þarglíma Moskóftar í skammdegis-



hörkum sér til hita. Að baki Víghóls er Skammadalur; þar hafa verst orð verið töluð er sögur greina og liggur forneskja á dalnum.

Síðan fer Krummi að Reykjum. Þar búa trollarar og þar eru hverir svo miklir að sjóða má í þeim allar kartöflur heimsins á einum degi og meira til. Í suðvestri er Úlfarsfell. Þar býr Skúli. Hann er garplegur og á sonu marga. Þar blása jafnan austanvindar þó annars staðar sé logn eða önnur átt. Þar í vestur er Kálfakot; það er í eyði. Þar bjó Margrét. Hún hefur haldið stærstar veislur hér á landi síðan í heiðni. Á Blikastöðum býr Magnús; hann er hagsýnn maður og vinnur dag og nótt og má ei lýfast. Á Reynisvatni er ráðsmaður sem Brynjólfur heitir. Þar eru 100 ær á búi og einn heimilismaður. Það er til sparnaðar. Að norðan er Hafravatn. Þar er silungur svo þéttur að ekki má þar bátur fljóta. Þar er Bjarni og þar eru Hafravatsréttir sem dagblaðið Vísir sagði um að enginn hefði verið fullur í, og var það lýgi. Fyrir ofan Hafravatn er

Þormóðsdalur. Þar eru gullnámur mestar fyrir norðan miðjarðarbaug, mest lýsigull. Þar má ei gullsamning skrifa óvitlausan sakir ofbirtu. Fyrir ofan Selvatn eru Arnakróksréttir hinar fornu, sjást þar nú rústir einar eins og af Trojuborg. Þar voru allir fullir og þótti ekki saka.

Rúmri viku seinna birtist grein í Morgunblaðinu eftir einhvern sveitunga sem kallaði sig Val. Mót-mælir hann skrifum Krumma, segir hann ruglaðan í örnefnum og áttavilltan. Skammadalur sé ekki til en Skammidalur þekktist og Laxnes sé norðan Köldukvíslar en ekki „upp af Víðirnum.“ Margt fleira leiðréttir hann og segir að lokum að greinarhöfundur ætti að lyfta sér ofurlítið hærra, krunka minna og líta betur eftir gangi sólar áður en hann bjóði mönnum leiðsögn sína næst.

Svona skemmtu menn sér í sveitinni í gamla daga!

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur

Stofutónleikar á Gljúfrasteini

Fyrstu stofutónleikar sumarsins á Gljúfrasteini voru haldnir þann 5. júní síðastliðinn. Í sumar verða stofutónleikar að heimili skáldsins, Halldórs Laxness, alla sunnudaga og hefjast allir kl. 16. Það voru þær Sigrún Hjálmtýsdóttir, betur þekkt sem Diddú, og Anna Guðný Guðmundsdóttir sem sáu um þá fyrstu. Á dagskránni í sumar er fjöldi tónlistarmanna sem flytja verk sín og fjölbreytileikinn er í fyrirrúmi. Stofa Halldórs var þétt setin þennan sunnudaginn og ljúfir tónar umléku gesti. Meðal listamanna sem spila fyrir gesti í sumar eru Halldór Haraldsson píanóleikari, Sigrún Eðvaldsdóttir fíðuleikari og Flís tríóið. Það er vert að fara á heimaslóðir skáldsins í sumar, skoða heimili hans og njóta tónlistar sem þar verður í boði. Aðgangseyrir á þessa atburði er 500 kr.



Mæðgurnar á Gljúfrasteini, Auður og Guðný.

Í túninu heima

Að loknum sveitarstjórnarkosningum og myndun meirihluta í Mosfellsbæ, kom sú mynd upp í huga mér, að þegar þú getur frjóvgað saman tvær mjög ólíkar tegundir, þá getur komið fram mjög sterk og gróskumikil planta sem er ónæm fyrir sjúkdómum! Við skulum vona að vel hafi tekist til með þennan samruna til heilla fyrir íbúa bæjarfélagsins sem og umhverfi okkar.

Aðvörun skal hins vegar send til garðeigenda, þar sem maðurinn er byrjaður að éta laufblöðin og fjölgar honum oðum þessa dagana.

Það vakti athygli mína, að sitkalúsín er einnig mjög aðgangshörð (aðeins í sitkagreni), svo aðgangshörð að 6-8 metra há tré eru nánast nárlaus víða á höfuðborgarsvæðinu. Í Mosfellsbæ er ástandið ekki orðið



svo slæmt, en ég hvet alla garðeigendur til þess að vera á varðbergi gagnvart þessum óboðnu gestum.

Ólíkt öðrum íslenskum trjá- og runnategundum er reynir að mestu laus við meindýr. Á suðausturhorni landsins sækir þó skógfeti á hann og veldur oft miklum skemmdum, en annars staðar er það haustfeti, sem einnig veldur verulegu tjóni. Reyniáta er átusjúkdómur sem algengur er um allt land, en þó meira áberandi við ströndina en í innsveitum. Einkennin eru þau að börkur á greinum dökkna og fellur inn og síðar myndast í honum flöskulaga gróhirslur, sem þó eru huldar af berkinum að mestu. Gróin spýst út rauðum massa, en þó er algengt að sveppurinn vaxi í langan tíma án þess að myndagróhirslur. Varnir gegn reyniátu eru þær sömu og gegn öðrum

átusjúkdómum. Hreinsa þarf upp sár og saga dauðar greinar af. Þetta verður að gera að vori eða yfir sumar, en ekki á þeim tíma sem tréð er í dvala, því þá á það óhægt um vik með að verjast árásum sveppsins. Ekki er talið nauðsynlegt að loka sárum með málningu eða sveppalyfjum, ef snyrtilega er frá þeim gengið.

Veðurfar ræður miklu um það hversu alvarlegt vandamál reyniátan er. Mikill munur er einnig á einstökum trjám hvað þetta varðar.

Ég vil ítreka það enn og aftur að garðeigandi skal klippa sinn gróður við lóðamörk, þar sem hann vex út á gangstétt eða göngustíga.

Garðeigandi er bótaskyldur ef slys eða óhapp verður fyrir framan lóð hans, ef hægt er að rekja það til gróðurs sem vex út fyrir lóðamörk.

**Gleðilegt sumar,
Oddgeir Þór Árnason**




Nóg að gera í skógræktinni

Á aðalfundi Skógræktarfélagins þann 24. apríl voru allir stjórnarmenn endurkosnir.

Mánudagskvöldið 29. maí var vinnukvöld í Hamrahlíð, þá voru 75 plöntur gróðursettar með húsdýráaburði, merkis-taurar settir með plöntum, m.a. afmælisgjöfinni frá Hafnfirðingum síðan í fyrra. Núna á miðvikudagskvöldið var vinnuferð að Fossá. Sunnudaginn 18. júní verður skemmtiferð Skógræktarfélagins upp í Skorradal, með ýmsum tilbrigðum. Lagt verður af stað í rútu frá Nóatúnsplaninu klukkan 9 árdegis áætluð heimkoma síðdegis. Hafið með ykkur nesti.

Vinsamlegast látið vita um þátttöku fyrir föstudaginn 16. júní í síma 8672516, á netföngin skogmos@internet.is eða betakd@ismennt.is.

Verið velkomin



Flugklúbbur Mosfellsbæjar 25 ára

Flugklúbbur Mosfellsbæjar hélt upp á 25 ára afmæli sitt þann 3. júní síðastliðinn. Klúbburinn var stofnaður 29. maí árið 1981 af nokkrum flugmönnum hér í bæ. Klúbburinn hefur aðstöðu sína á Tungubökkum og hefur verið þar alla sína tíð. Í tilefni afmælisins var flugkoma á vellinum og boðið upp á veitingar. Um kvöldið var svo hátíðarkvöldverður hjá klúbbmeðlimum og mökum.

mosfellingur@mosfellingur.is



Í eldhúsinu hjá Láru Ómars

Kjötsúpa frá tengdó

Lára Ómarsdóttir, fréttamaður á NFS, sendir okkur æðislega uppskrift að kjötsúpu sem hún fékk upphaflegahjá tengdamóður sinni. „Þetta er hreinlega besta kjötsúpa sem til er. Tengdamamma kom með uppskriftina frá Noregi en síðan höfum við maðurinn minn bætt við hana eftir smekk. Hún er mjög vinsæl á okkar heimili, bragðmikil og góð og auðvelt að búa hana til. Uppskriftin dugir fyrir okkur öll en við erum sjö í heimili. Við, fullorðna fólkið á heimilinu, viljumhafa súpu-na vel pipraða og bætum því alltaf út á hjá okkur. Krökkunum finnst súpan líka mjög góð og til hátíðar-brigða notum við betra lambakjöt í hana.“

Setjið í 10 lítrapott
2-3 laukar, skornir í helminga
5-6 hvítlauksrif, skornir í helminga

3-4 lárviðarlauf
1,5 kíló af súpukjöti
(helst fyrsta flokks)
1 stillkurselleri, skorinn í stóra bita
1 msk. heill svartur pipar
slatti salt, svona tveir og hálfur hringur

Setjið vatn yfir þannig að fljóti yfir allt saman og látið sjóða þar til kjötið er laust frá beinunum. Takið þá kjötið upp úr pottinum og sigtið soðið frá kryddinu. Setjið soðið aftur í pottinn og bætið við eins og 1-1,5 lítra af vatni og 2-3 teningum af kjúklinga- eða lambakrafti.

Síðan er sett ípottinn:
4-5 rófur, skornar í stóra bita
5-10 gulrætur, skornar í stóra bita
10-15 kartöflur, skornar í helminga
ef þær eru stórar
1/4 kálhaus af hvítkáli, grófskorið



Sjóðið þar tilgylræturnar eru tilbúnar og bætið þá kjötinu saman við allt saman og hitið að suðu. Saltið og piprið að vild.

Opnum virka daga kl 7:00



Lokafjör Bólsins



Sá sorgaratburður átti sér stað þann 24. maí...lokafjör Bólsins var haldið...og í kjölfarið hefur Bólinu verið lokað...en nóg um það! Að sjálfsgöðu var mikið húll um hae og margir sem nýttu sér þetta tækifæri til þess að skemmta sér í góðra vina hópi. Fjörrið byrjaði með sundlaugarparty í Varmárlaug þar sem var troðinn marvaði og dýfingar æfðar svo um munaði. Eftir það var ungviðinu boðið í pulsar og diskó frískó upp í Bóli. Þar var einnig til sýnis slæð-



sjón með myndum síðasliðinna þriggja vetra og var gaman að sjá drengina stækka frá metranum upp í tvo slíka og stelpurnar breytast í tískulöggur. En þetta var hið fínasta kvöld og viljum við þakka öllum unglingunum okkar fyrir frábæran vetur og eigum við eftir að sakna ykkar heilan helling...er hætt - þetta er orðið alltof væmið!!! Þís out

Fyrir hönd Bólfélaganna
Ingibjörg



BLAÐAMANNAKLÚBBUR BÓLSINS
Fomaður: Gísli Már Guðjónsson

17. júní BEZT



Jæja...hvað segir fólkið þá, ha? Komið sumar og allt klárt. Ég meina þótt að undanfarnir dagar hafi verið eins og meðal vetur í Síberíu þá þýðir ekkert að leggja árar í bát. Um að gera að halda í vonina um að það komi önnur hitabylgja eins og þarna í hitti fyrra (líklegt sumarsins). Sérstaklega þýðir ekkert að gefa eftir þegar 17. júní er á næsta leiti.



Þessi dagur var alltaf tilhlökkunarefni þegar maður var yngri og er það enn. Þvílíkar hátíðir sem þessir dagar voru. Já, ég segi „voru“ því ég veit ekki hvort það er bara ég, en mér finnst eins og stemmningin í kringum þennan hátíðardag hafi dvínað all verulega í Mosó síðustu ár. Kannski útaf því að hátíðin er haldin á mismunandi stað á hverju ári og fólk veit ekki hvort það er að koma eða fara? Því hefur þróunin verið sú að fólk fer æ meira í bæinn til að gleðjast. Það er alveg glatað. Ég fór til dæmis

sjálfur seinast og sjáið þið bara hvað gerðist...

Jáá, svona er þetta í borg óttans. Afhverju var hátíðin flutt úr Kvosinni? Var hún of lítil? Er það? Ég segi að bestu 17. júní hátíðirnar hafi verið þar, enda er þetta svæði allt í kring einstaklega fallegt og auðvitað á að varðveita það og gera það að fagnaðarstað Mosfellinga...eða eigum við bara hittast í strætóskýlinu fyrir utan Kjarna? Hér með skora ég á bæjar-yfirvöld að halda grand 17. júní þetta árið og komandi ár. Um leið skora ég auðvitað á bæjarbúa um leið til að mæta og sýna lit. Það er ekkert sorglegra en þegar mikið er haft fyrir svona hlutum og fólk er svo lélegt að láta alla vega ekki sjá sig. Það er ekki töff!



Miklar vangaveltur hafa verið uppi um handboltann og hvað verður um hann...það kemur

maður í manns stað og þótt að erfiði gaurinn þarna í miðjunni á myndinni sé farinn þá kemur maður í manns stað...ég meina sjáðu bara þessa stráka. Við óskum Einari og Erni alls þess besta og þvílíkur heiður að hafa fengið að alast upp með þessum strákum, en nú taka við önnur verkefni hjá þeim og við hinir höldum áfram að halda uppi merkjum Mosfellsbæjar.



En því miður verð ég ekki hérna með ykkur til að fagna þjóðhátíðardeginum kæru hálsar. Því ég er að fara til Búlgaríu í eitthvað sem átti að vera sólarlandaferð á Sunny Beach en er víst bara hnífsstunga í nýrað og matareitrun...góðar stundir.



Ásgeir „Slææ“ Jónsson

verður í Búlgaríu á 17. júní

asgeir@mosfellingur.is

Námsmenn í Ástralíu

Fjórar ungar konur úr Mosfellsbæ stunda nú framhaldsnám í borginni Perth í Vestur-Ástralíu. Þetta eru þær Fjóra Dögg Helgadóttir, Helga Friðriksdóttir og systurnar Katrín og Áslaug Kristjánsdóttir. Fyrir skemmstu útskrifaðist Fjóra með grunnsálfræðiréttindi frá Murdochháskólanum þar í borg og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri. Fjóra stundar nú nám í klíniskri sérhæfingu við Murdochháskólann. Katrín er einnig við framhaldsnám í sálfræði við sama háskóla en þær Áslaug og Helga eru í meistaranámi við Curtinháskóla, Áslaug í kynlífsfræði og Helga í alþjóðlegum samskiptum.

Fleiri Íslendingar eru við háskólanám í Perth um þessar mundir en einnig eru þar nokkrir skiptinemar. Til Perth fluttust tugir Íslendinga laust fyrir 1970 þegar samdráttur var í íslensku efnahagslífi. Sumir komu aftur heim en stór hluti flengdist og festi þar rætur. Það eru því fjölmargir sem eru af íslenskum ættum í þessari stærstu borg Vestur-Ástralíu.

En það hafa fleiri Mosfellingar verið á ferðinni á þessum suðlægu slóðum undanfarið. Hljómsveitin Sigurrós hélt tónleika í Perth 9. apríl sl. ásamt íslensku kvennastrengja-sveitinni Amiinu. Stoltir landar fjölmenntu á tónleikana og voru allir mjög hrifnir og ánægðir.

Það hefur verið heitt í Ástralíu undanfarna mánuði en nú er þar að koma vetur á sama tíma og sumarið gengur í garð hjá okkur.



Frá vinstri Helga Friðriksdóttir, Fjóra Dögg Helgadóttir, Katrín Kristjánsdóttir og Áslaug Kristjánsdóttir.

Jón Þór Birgisson (Jónsi) söngvari Sigurrósar fyrir miðri mynd í hópi Íslendinga í Perth eftir tónleika hljómsveitarinnar.

Mosópakk

Hvað segiði nú gott mínir kærur vildarvinir/punktar og lífsförunautar? Ég ætla að byrja á því að óska þeim sem unnu sigur í kosningunum til hamingju og við þá sem unnu ekki hef ég bara ekkert að segja. Ég ætla líka að óska þeim sem náðu prófunum til hamingju með það og að sama skapi ætla ég að óska þeim sem náðu ekki prófunum til hamingju með að þurfa að taka árið aftur, því að þið vitið betur en nokkur annar að það er engum nema ykkur sjálfum að kenna. Ekki mömmu og pabba, vinnunni, handboltanum, fótboltanum eða Lalla Jones, nei aðeins ykkur sjálfum. En allavega, þá er ég kominn í sumarfrí og búinn með 2. ár Menntaskólans við Sund. HA? Andsgít!

En að öðru. MOSÓ. Annað samansafn af kimboliði hef ég aldrei vítað. Ég þekki nú kannski aðeins of lítið þá krakka sem eru yngri en ég, en þá sem ég þekki fíla ég mikið, að ég tali nú ekki um stelpurnar, HA? ÖSS! Efnilegar, svo ég segi nú bara ekki meira. Krakkarnir á mínum aldri eru toppnáungar, yndislegt fólk, fullt af sætum stelpum og alveg mökkur af skemmtilegum strákum (og öfugt fyrir þá sem vilja). Svo er það eldra fólkið, í alvör- unni, gull af fólki for læf. Það er enginn yfir mann hafinn, og allir líta á alla sem jafningja.

Þegar ég fer að hugsa um það fer maður stundum á skráll í bænum, hittir fullt af fólki og svona sem er svo sem ágætt/WC, en þegar milljónir Mosfellinga hittast er sko alltaf líf og fjör og eitt sinn sagði vitur maður: „Þar sem



tvíur Mosfellingar koma saman, þar er fjör". Sama hvort það er á Draumakaffi, á Láka, í Hlégarði eða samkomuhúsinu á Borgarfirði eystri, það bara klikkar ekki. Og ég skammast mín bara hreint ekki fyrir að tilheyra þessum hópi. Ég skemmti mér aldrei jafn vel á rallinu og þegar ég er í faðmi fjölskyldunnar/Mosópakks. Mér finnst eiginlega bara leiðinlegt að ekki skuli vera meira um skemmtanir í Mosó. Hljómur hefur gert gífurlega góða hluti í að halda gírnum gangandi og ég vona sko sannarlega að þeir haldi því áfram. Minn æðsti draumur er þó að Gildran komi saman aftur og haldi stórtónleika í Break-garden, taki CCR slagarana og allt þetta helsta.

Ég er að tala um svona tónleika þar sem maður getur farið og boðið eldri dömum upp á dans og yngri dömum upp á drykk, þið vitið hvað ég meina. Gaman væri líka að halda aftur Lókalkvöld, ha, tær snilld. En ég held það væri samt sterkur leikur að smala saman fullt af Mosóliði í útilegu bráðlega, svona á meðan við erum að bíða eftir stórtónleikum Gildrunnar.

En þangað til næst, luf á allan Mosfellsbæ. Þrándsi.

Þrándur

Áfram konur!



Kvennahlaupið var haldið í 10. skipti í Mosfellsbæ síðasta laugardag. Gífurlega góða þátttaka en um 1000 konur létu sjá sig og létu þær nokkra dropa úr lofti ekkert á sig fá. Engin ástæða er til þess að leggja skóna á hilluna því skokk- og gönguhópur er starfræktur á vegum Toppforms. Allir velkomnir, mánudaga og miðvikudaga kl. 17.30.



Halla Karen, Sesselja, Magnea og Alfa stjórnuðu upphituninni eins og þeim einum er lagið.

TVÍFARAR



TVÍFARAR

50 kallinn og djöfullinn

Viltu selja...

— hafðu samband —

Einar Páll Kjærnested • Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

Þverholti 2 • Mosfellsbæ

Spurning til bæjarbúa


Hverjir leika á úrslitaleiknum í HM?

Jökull Kaaber



Ítalía-Brasilía og Brasilía vinnur

Kolbrún Sarah



Ítalía-Brasilía og Ítalía sigrar

Rúnar



Ítalía-Brasilía og Brasilía vinnur

Þorgeir



England-Brasilía og England vinnur

Sædís



Ítalía-Tékkland og Ítalía vinnur HM

Hjalti



Þýskaland-Krótía og Þýskaland vinnur

HVERJIR? VORÐU HVAR?



Matti og Offi heilla þiurnar



PK og co í sumarskapi



Sterki og stjórinn



Göðvuðó!!!



Rauða parið



Júnior með kónginum



Gunni á hjólinu og strákarinnir



Fallegar Mosótíkur



Rokkarar af lífi og sál



Glatt á hjalla



Klapp, klapp klappstýrur



Hallllló, engar kúlur???



Brosið bræðir margan....



Fjögur í fjöri



Læknir dýranna



Sætar systurnar saman



Draumafélgarnir



Tæpur???



Stanslaust stuð



Three amigos



Hvítt þema í gangi?




Loksins!!!



FC Jr. og Gummi á Drauma



Tvö í...



Á góðri stundu...luv...



Glans dans dans dans



Peter and David



Grín og glens



Þjálfí sér um sína

TRES LOGOS



HEKLA, SIGRÍÐUR

OG SIGRÚN

STEFNA Á HM 2010

Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Valdimar Jónsson heiðraður

Á sjómannadaginn 11. júní s.l. sæmði Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar Valdimar Jónsson, loftskeytamann, heiðursorðu sjómannadagsins. Valdimar var í 25 ár loftskeytamaður á skipum, flugvélumog í landi hjá Landhelgisgæslunni fyrir utan tvö ár sem hann starfaði hjá Almannavörnum ríkisins að skipulagsmálum. Hann safnaði oghélt til haga gömlum munum m.a. siglinga- og radiótækjum og gerði upp, ásamt fleirum, loftskeytaklefan af b/v Geir síðan 1923 sem nú er til sýnis í Sjóminjasafni Reykjavíkur, Víkinni. Árið 1986 lét Valdimar af störfum hjá Landhelgisgæslunni og hóf störf hjá RÚV-sjónvarpinu. Þar vann hann til ársins 1995 en varð þá að láta af störfum vegna veikinda. Eiginkona Valdimars er Jóna Margrét Guðmundsdóttir starfsmaður á Bókasafni Mosfellsbæjar og hafa þau hjónin verið búsett í Mosfellsbæ um langt árabíl.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is



Frá hneykslaðu foreldri í Mosfellsbæ

Sá leiðinlegi atburður átti sér nýlega stað að lausu hestastóði var hleypt á mikilli ferð í gegnum hóp barna og fullorðinna sem átti leið um nálægt Reykjum. Margir áttu fótum sínum fjör að launa þegar hestarnir komu á mikilli ferð niður götuna einkum yngstu börnin sem reyndu í ofboði að hlaupa til foreldra sinna og þá oft í veg fyrir hestana. Ferðin á hestunum var slík og fjöldinn það mikill að ekki virtist sem neinn réði við neitt enda hafði einn reiðmanna orð á því að best væri að halda sig til hliðar á meðan þeir færu um. Stóðin var illa rekið og hestarnir virtust firrtir og stjórnláusir. Það er mesta furða og í raun hneykslalegt að rekstur hrossa með þessum hætti sé leyfður innan bæjarmarkanna. Mynd náðist af atburðinum og fylgir hún hér með.

Sumardekk í úrvali

ÞJÓNUSTA FYRIR ÖLL FARARTÆKI

dekk@dekk.is
www.dekk.is

BÆJARDEKK
Langitangi 1a - sími 566 8188

Drauma
Pizza

Háholt 14 - sími 5868040

Drauma
Kaffi

Örugg og lípur þjónusta

Opið í sumar mán.-fös. 17-23, lau 13-19, sun lokað

NÝJAR PERUR NÝJAR PERUR

Sólbaðstofa Mosfellsbæjar - Þverholt 5 - s. 566-8110



Opið
öll
kvöld

Alvöru sveitakrá

Fljótshlíð eldri borgarar

Ferð verður á vegum Félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ austur í Fljótshlíð fimmtud. 29. júní.

Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 16 og farið um Þingvöll á leiðinni austur.

Á Kaffi Langbrók verður snæddur kvöldverður, þ.e. lambasteik o.fl., verð kr. 2.500 fyrir matinn og kr. 2.000 fyrir akstur.

Skráning hjá Svanhildi í síma 586-8014 e.h. og GSM 692-0814.



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424

Lúðrasveitin í sumarskapi



*Þessi skemmtilega mynd er tekin af B-hóp Skólahljóm-
sveitarinnar nú á dögunum við Álafoss. Hópurinn er í
Danmörku þessa dagana í tónleika- og skemmtiferð.
Eldri hljóðfæraleikararnir leggja einnig land undir fót
seinna í mánuðnum þegar þeir fara til Ítalíu.*



Grundartangi

Nýtt í sölu

Vel staðsett 76 fm. endaraðhús við Grundartanga í Mosfellsbæ. Parket og flisar á gólfum. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Geymsluloft yfir íbúð. Útgegng í góðan garð. 6 fm. gróðurhús í garði. Rólegt og fallegt hverfi. **Laus fljótlega.**



Bergholt

Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróð hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakkantur.



Lágholt

Nýtt í sölu. Mjög fallegt 200 fm. einbýli við Lágholt í Mosfellsbæ. Nýlegt eldhús. Flisar á eldhúsi og stofu. Upptekin loft í stofu. Gestasnyrtng og gott baðherbergi. 4 svefnherbergi. Glæsilegur sóliskáli með arni. Góður frágangur. Einstaklega fallegur garður. Heitur pottur. Þetta er hugguleg eign við rólega lokaða götu. Skóli, íþróttastaða og hestavöllur í göngu færi.



Fellsás

Nýtt í sölu. Mjög glæsilegt 286 fm. einbýli á premur pöllum. Tvíbreiður bílskúr með geymslulofti. 5 herbergi. Arin í stofu og stórkostlegt útsýni til Esjunnar og snæfellsjökuls. Lóðin er 1600 fm. Með trjá og runnum. Þetta er einstaklega smekklegt og vel hannað hús. Eign fyrir vandláta. **V. 52,9 m.**



Sími:
588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Reykjamelur

Vandað og vel byggt 216 fm. enbýli á tveimur hæðum á einum fallegasta stað í Mosfellsbæ. Húsið stendur á lóð við Varmá, umvafið gróðri. Stór lóð. **Eign í algjörum sérflokki.** Óskað er eftir tilboðum í eignina.



Byggðarholt

Nýtt í sölu. Mikið endurnýjað 127 fm. raðhús á mjög barnvænum stað í miðbæ Mosfellsbæjar. 3 góð svefnherbergi. Nýtt parket og flisar. Rúmgott baðherbergi. Útgegt á baklóð úr stofu. Smekklegar innréttingar Nýtt þak og verið að mála húsið að utan. Örstutt í skóla og íþróttasvæði. **V. 28,5**



Litlikriki

Vorum að fá í sölu glæsilegt tveggja hæða rúmlega 300 fm. einbýli með innbyggðum tvíbreiðum bílskúr við Litlikrika. Húsið afhendis fókelt að fullklárað að utan. Til greina kemur að afhenda það lengra komið



Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is